

6. gr.

Sjóðinn skal varðveita, eftir því sem unnt er, í visitöluþryggðum verðbréfum með ríkisábyrgð eða á annan jafntryggan hátt.

Reikning skal árlega birta í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Upphaflegt stofnfé, sbr. 3. gr., vísitölubætur og annað hliðstætt álag á stofnfé sbr. 6. gr. má ekki skerða næstu 46 ár frá 28. ágúst 1971 að telja. Vöxtum sjóðsins eins og hann er á hverjum tíma, má hins vegar verja í samræmi við tilgang þann, sem lýst er í 4. gr., annað hvort árlega eða með nokkurra ára millibili, allt eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu lagðar við höfuðstól og lúta ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, nema gefandi mæli öðruvísi fyrir, ef um gjafafé er að ræða, eða sjóðsstjórn ákveði annað fyrirfram, ef um annars konar tekjur er að ræða.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

18. ágúst 1972.

Nr. 231.

AUGLÝSING

um skipulag í Hofshreppi í A-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Hofshrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1972.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

22. ágúst 1972.

Nr. 232.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

Með skirskotun til laga nr. 72/28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

15/20.

I. og II. gæðaflokkur, óskiptir	kr. 66.60
I. gæðaflokkur	— 67.80
II. gæðaflokkur	— 65.40